



BLAKSAMBAND ÍSLANDS  
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL  
Engjavegi 6  
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112  
FAX: (354) 514 4112

11. Nóv. 1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson  
netfang: bli@bli.is Heimasíða: [www.bli.is](http://www.bli.is) Textavarp síða 339

Reykjavík, 7. nóvember 2007

## 4. stjórnarfundur BLÍ, miðvikudaginn 7. nóvember kl. 17.15

### Dagskrá

- Mieke Pool á Leonardo samningi
- Landsliðsmál – leikir við Makedóníu - almennt
- Mótamál
- Styrkjámál – fjármál
- Erindi
- Dómaramál – bréf frá dómarnefnd
- Önnur mál
  - Styrkir – umsóknir til ÍSÍ
  - Námskeið – þjálfaranámskeið/ráðstefna
  - NEVZA fundur framkvæmdastjóra
  - 35 ára afmæli BLÍ 11. nóvember.

*Mæting: Jason Ívarsson formaður, Stefán Jóhannesson vf., Óskar Hauksson, Svala Vignisdóttir, Harald Ísaksen. Ástríður Valbjörnsdótti, Hreggviður Norðdahl og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir boðuðu forföll. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.*

### Fundargerð

- Mieke Pool á Leonardo samningi  
Ákveðið að taka við stúlku sem lærlingi á þessum samningi.
- Landsliðsmál – leikir við Makedóníu – almennt
  - a) Makedónía hefur boðist til að taka báða leikina á þeirra heimavelli. Vænlegra fyrir okkur að gera það – Stefán vinnur málið áfram.
  - b) Landsliðsþjálfarar – engin ákvörðun komin enn um þjálfara landsliðanna en von er á að það klárast á næstu dögum og vikum – Stefán vinnur málið áfram ásamt landsliðsnefnd.
  - c) Kvennalandsliðið í Smáþjóðakeppninni, riðill á Möltu með Kýpur, San Marino og Möltu. Karlalandsliðið í smáþjóðakeppninni, riðill á Möltu með Kýpur, Möltu og Skotlandi.
  - d) Unglingalandsliðin – næstu verkefni þar er Portúgal – þjálfaramál eru atriði sem ULN þarf að ræða á næstunni – í samstarfi við landsliðsnefnd.



**BLAKSAMBAND ÍSLANDS**  
**ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL**  
Engjavegi 6  
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112  
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

**Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson**  
netfang: [bli@bli.is](mailto:bli@bli.is) Heimasíða: [www.bli.is](http://www.bli.is) Textavarp síða 339

➤ **Mótamál**

Sævar talaði um mótamálin – öll mót eru komin af stað og vel það. Liggur fyrir að það þarf að huga að móti í 2. flokki karla og kvenna. Félagaskipti hafa borist og samþykkt jafnóðum og þau berast skv. reglugerð.

➤ **Styrkjamál – fjármál**

Sævar náði í samning við VÍS út árið 2008 fyrir tryggingum unglingslandsliða í skiptum við auglýsingu og tengli á heimasíðu sambandsins.

➤ **Erindi**

Þó nokkur erindi bárust BLÍ frá síðasta fundi. Ber þar helst að nefna frá FIVB um takmarkanir á útlendingum í félagsliðum niður í þrjá á hvert lið og tvo inná velli í einu. Ósamþykktar reglur en verður væntanlega borið upp á næsta þingi FIVB í júní á næsta ári. Þá hefur borist frá FIVB gögn varðandi næsta heimsping sem formaður sækir. Frá FIVB barst einnig þakkarbréf vegna VolleyAll Festival verkefninu og einnig umsókn vegna verkefnisins fyrir 2008.

➤ **Dómaramál – bréf frá dómaranefnd**

Erindið tekið fyrir og því vísað aftur til nefndarinnar um nánari útfærslu á dómaraþjóldum. Dómaranefnd ber að fullhanna tillögu að breyttum dómaraþjóldum þannig að sanngjarnt teljist.

➤ **Önnur mál**

○ **Styrkir – umsóknir til ÍSÍ**

- Styrkir til umsóknar barst BLÍ frá ÍSÍ og er Sævari falið að útbúa umsóknirnar.

○ **Námskeið – þjálfaranámskeið/ráðstefna**

- Ákvörðunin bíður þar til fest hefur ráðningu landsliðsþjálfara fyrir keppnistímabilið.

○ **NEVZA fundur framkvæmdastjóra**

- Sævar sækir fund í Strangnas í Svíþjóð 12. desember nk.

○ **35 ára afmæli BLÍ 11. nóvember.**

- Ákveðið að reyna að finna hentugan tíma til að bjóða forsvarsmönnum hreyfingarinnar til samsætis í tilefni afmælisins. Þá mætti minnst á afmælið á yngriflokkamóti sem verður um helgina.

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson, fundarritari